

Nd. **623. Nefndarálit** **[91. mál]**

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1958, sbr. lög nr. 55 12. maí 1970.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og umsagnir þær er borist höfðu. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Svava Jakobsdóttir og Sighvatur Björgvinsson skila séráliti. Meiri hl. nefndarinnar vonast til þess að starfsemi Umferðaráðs komi að nokkru gagni og telur að þar sem auknar umferðarslysavarnir ættu að verða tryggingarfélögum til hagsbóta, sé eðlilegt að þau beri af þeim nokkurn kostnað og alls ekki ástæða til þess að ætla að þau gætu rökstutt beiðnir um iðgjaldahækkunar vegna þessa gjalds. Meiri hl. nefndarinnar leggur því til að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 4. maí 1976.

Ellert B. Schram,
form.

Gunnlaugur Finnsson,
fundaskr.

Páll Pétursson,
frsm.

Ingólfur Jónsson.

Friðjón Þórðarson.